



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 6. nóvember 2018

Efni: Drög að reglugerð um áhættumatsnefnd

Tilv. 201811-0003

Drög að reglugerð um áhættumatsnefnd frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti voru birt á samráðsgáttinni til umsagnar 23. október sl. Umsagnarfrestur var veittur til 6. nóvember. Bændasamtökin hafa farið yfir efni reglugerðarinnar og gera eftirfarandi athugasemdir.

Bændasamtökin fagna fyrirætlunum um að setja nú loks á fót áhættumatsnefnd en undirstrika að skv. ákvæðum matvælalaga nr. 93/1995 með síðari breytingum þá átti því að vera lokið 1. mars 2010. Samtökin leggja því þunga áherslu á að nefndin verði skipum strax og reglugerðin hefur verið sett.

Hér að neðan eru svo nokkrar athugasemdir við einstakar greinar reglugerðarinnar.

Um 2. gr.

Bændasamtökin telja að í 2. gr. skuli koma fram að nefndin skuli hafa aðgang að Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) til að nýta megí þá þekkingu sem er þar þegar til staðar um áhættumat. Þá telja samtökin einnig nauðsynlegt að í 2. gr. sé kveðið á um að nefndin geti átt frumkvæði að því að leggja fram tillögur um framkvæmd áhættumats til ráðherra sjávarútvegs- og landbúnaðarmála en framkvæmd áhættumatsins yrði ávallt háð samþykki ráðherra.

Um 3. gr.

Bændasamtökin telja skorta heimildir í reglugerð til handa nefndinni til að kalla eftir gögnum frá opinberum aðilum eða einkaaðilum. Nefndin þarf að hafa skýrar heimildir til að nota gögn sem nauðsynleg eru við framkvæmd áhættumats. Samtökin telja að slíkar valdheimildir skuli setja og skýra í reglugerð en ekki einungis starfsreglum nefndarinnar.



Um 5. gr.


Í 5. gr. er m.a. fjallað um áhættukynningu. Skilgreina þarf nánar hvað felst í slíkri kynningu þar sem hún gegnir stóru hlutverki þegar kemur að áhrifum áhættumats á sviði matvælaöryggis, þ.e. almenningsálits og hegðunar neytenda í kjölfarið.

Þar sem nefndarmenn sem skipaðir eru skulu skv. reglugerðinni vera sérfræðingar á hverju sviði fyrir sig og byggja vinnu sína á faglegum úttektum telja samtökin eðlilegt að meirihluti ráði niðurstöðu.

Um 6. gr.

Skv. 2. mgr. ákvæðisins fær formaður nefndarinnar greidda þóknun fyrir nefndarstörf sín en ekki annarra nefndarmanna. Samtökin telja eðlilegt að laun fyrir störf annarra fastra nefndarmanna sem sérfræðinga séu jafnframt tryggð. Annars skapast hætta á að önnur störf innan viðkomandi stofnana verði sett í forgang ef kostnaður af nefndarstörfum fellur á viðkomandi stofnun. Störf nefndarinnar skv. 2. gr. reglugerðarinnar geta að mati Bændasamtakanna orðið viðamikil og töluvert stór hluti af starfsskyldum starfsmanns með fasta setu í nefndinni. Er því að mati samtakanna óhjákvæmilegt að skilgreina kostnað af störfum nefndarinnar í 6. gr. betur.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands


Guðrún Vaka Steingrimsdóttir